



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Bingborg 10. apríl 2008

### Efni: Umsagnir um frumvörp

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps þann 9. apríl s.l. var lögð fram beiðni frá Umhverfisnefnd Alþingis um umsagnir vegna eftirtalinna frumvarpa:  
Skipulagslög, Mannvirki, Brunavarnir, flutning verkefna Brunamálastofnunar ofl.

Varðandi skipulagslög, 374. mál, gerir sveitarstjórn Flóahrepps eftirfarandi athugasemdir:

#### 12. gr. Skipulagsskylda.

Í 5. mgr. er fjallað um áhrif áætlunar á umhverfið. Æskilegt væri að ákvæði laga um umhverfismat áætlana yrðu innlimuð inn í viðeigandi lagabálka, þ.á.m. skipulagslög sem varða þær áætlanir sem háðar eru umhverfismati áætlana, í stað þess að hafa sér lög um umhverfismat áætlana.

#### 13. gr. Framkvæmdaleyfi,

Í 5. mgr. kemur fram að ef deiliskipulag liggur ekki fyrir geti sveitarstjórn veitt framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag varðandi landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Gerð er krafa um grenndarkynningu framkvæmdaleyfisins. Ákvæði aðalskipulags sem varða byggðamynstur og þéttleika byggðar eiga við um framkvæmdir sem eru háðar byggingarleyfi og því virðist sem ákvæði 5. mgr. eigi að koma í stað ákvæðis 7. mgr. 43. gr. núverandi skipulags- og byggingarlaga. Þetta er þó óskýrt því í 1. mgr. 13. gr. í frumvarpinu kemur fram að ekki skuli afla framkvæmdaleyfis vegna framkvæmda sem háðar eru byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki. Þetta þyrfti að skýra betur.

Varðandi framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdir sem ekki eru háðar byggingarleyfi er í sumum tilvikum óþarfi að gera kröfu um grenndarkynningu. Framkvæmdir sem veita á leyfi fyrir þurfa í öllum tilvikum að vera í samræmi við aðalskipulag og því hefur framkvæmdin sem slík, t.d. vegagerð og efnistaka, þegar verið kynnt og fyrir liggur að hún er í samræmi við stefnu sveitarstjórnar. Auðvitað getur verið tilefni til þess að grenndarkynna framkvæmdaleyfi en óþarfi er að gera kröfu um slíka kynningu vegna allra framkvæmda sem ekki eru háðar byggingarleyfi. Sveitarstjórn (skipulagsnefnd) ætti að vera treystandi til að ákveða hvort kynna þurfi ákveðnar framkvæmdir sérstaklega.

#### 20. gr. Framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu.

Í 2. mgr. kemur fram að sveitarstjórn sé heimilt að innheimta gjald vegna nauðsynlegrar skipulagsvinnu í tengslum við leyfisskyldar framkvæmdir. Mjög jákvætt er að slíkt ákvæði komi inn í lög en gera þyrfti þá breytingu að heimilt verði að innheimta gjaldið um leið og nauðsynlegri skipulagsvinnu er lokið, en ekki bíða með gjalddöku þar til óskað hefur verið eftir framkvæmda- eða byggingarleyfi. Í mörgum tilvikum getur liðið nokkuð langur tími frá því að skipulagsvinnu er lokið og þar til óskað er eftir framkvæmda- eða byggingarleyfi. Sá aðili sem upphaflega óskaði eftir nauðsynlegri skipulagsvinnu er þá jafnvel ekki aðili máls lengur og aðrir aðilar, jafnvel nokkrir, komnir að málinu.

Eðlilegra er að innheimta gjald af þeim aðila sem upphaflega óskaði eftir nauðsynlegri skipulagsvinnu og á þeim tíma sem vinnan fór fram.

### *36. gr. Breytingar á aðalskipulagi*

Munur á ferli óverulegrar og verulegrar breytingar á aðalskipulagi er of mikill auk þess sem óþarfi er að gera sömu málsmeðferðarkröfur til breytingar á aðalskipulagi og vinnu við gerð nýs aðalskipulags fyrir heilt sveitarfélag.

Ef um breytingar á aðalskipulagi (aðrar en óverulegar) fela í sér málsmeðferð 30. gr. að þá er ekki víst að skilvirkni skipulagsferilsins aukist með því að Skipulagsstofnun og almenningur fái tillögurnar til umsagnar tvisvar áður en hún er auglýst. Þetta á vel við um endurskoðun aðalskipulags fyrir sveitarfélagið í heild en ekki einstakar breytingar á því. Eins og þekkt er hefur 1. mgr. 17. gr. í núverandi lögum ekki verið framfylgt í flestum tilvikum og miðað við ákvæði 30. gr. virðist sem ekki sé stefnt að raunverulegri og „praktískri“ framfylgd slíkra breytinga. Ef t.d. um er að ræða nýja frístundabyggð á um 100 ha svæði er ekki víst að það teljist skilvirkt að kynna þá framkvæmd (aðalskipulagsbreytingu) þrisvar fyrir almenningi, framkvæmd sem síðar verður kynnt mun betur þegar deiliskipulag fyrir svæðið er unnið. Auðvitað er aðal- og deiliskipulagsbreytingar oft auglýstar samhliða en það á ekki alltaf við. Í þessu gæti auðvitað skipt máli hvernig Skipulagsstofnun tekur á óskum sveitarstjórna um óverulega breytingu.

### *40. gr. Gerð deiliskipulags, kynning og samráð*

Þessi grein frumvarpsins felur í sér að bætt er við tveimur kynningarstigum deiliskipulags áður en sveitarstjórn tekur deiliskipulagstillögu til samþykktar fyrir auglýsingu. Hæpið er að það eigi eftir að bæta málsmeðferð deiliskipulags að gera ráð fyrir þremur kynningarstigum (eitt í dag), sérstaklega fyrir deiliskipulag í dreifbýli. Þá þyrfti að skýra mun betur út í hvaða tilvikum heimilt er að falla frá lýsingu og kynningu deiliskipulagstillögu áður en hún er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn, þ.e. hvenær „allar meginforsendur“ liggja fyrir. Ljóst er að deiliskipulag (og þar með forsendur þess) þarf að vera í samræmi við aðalskipulag og því er ekki alveg ljóst hvenær megin forsendur deiliskipulagsins liggja ekki fyrir.

### *42. gr. Afgreiðsla deiliskipulags*

Fram kemur í 42. gr. að sveitarstjórn skuli taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu og gera nauðsynlegar breytingar. Er þá skylt að fara eftir athugasemdum Skipulagsstofnunar og hvað gerist þá ef sveitarstjórn er ekki sammála ákveðnum athugasemdum Skipulagsstofnunar. Er þá nægjanlegt að senda inn rökstuðning fyrir hvers vegna ekki er tekið tillit til ákveðinna athugasemda og síðan auglýsa gildistöku deiliskipulags, eða er virkilega verið að færa raunverulegt skipulagsvald til Skipulagsstofnunar. Mjög mikilvægt er að það komi skýrt fram hvernig eigi að túlka þetta ákvæði því það hefur hugsanlega mjög umfangsmikla breytingu í för með sér.

Svo virðist sem frumvarpið geri ráð fyrir að Skipulagsstofnun hafi meira vald í tengslum við efni og afgreiðslu deiliskipulags en í núverandi skipulags- og byggingarlögum. Ég tel að þetta sé röng þróun því frekar ætti að stefna að því að minnka hlutverk Skipulagsstofnunar í yfirferð deiliskipulags.

### *43. gr. Breytingar á deiliskipulagi*

Sjá athugasemdir við 30. gr. og 40. gr.

### *52. gr. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.*

Mikilvægt er að setja inn ákvæði um hvaða tíma úrskurðarnefndin hefur til að úrskurða. Núverandi ástand er með öllu ófullnægjandi þar sem úrskurðir um t.d. gildistöku deiliskipulags geta tekið 1 – 2 ár. Á þeim tíma geta framkvæmdir verið komnar langt á veg og jafnvel er allri uppbyggingu lokið. Neikvæður úrskurður (t.d. formgalli að mati nefndarinnar) getur felld úr gildi fjölda byggingarleyfa fyrir hús sem þegar eru risin. Með því skapast vandamál sem jafnvel ómögulegt er að leysa.

### *53. gr. Framkvæmdir sem brjóta í bága við skipulag eða eru án leyfis.*

Varðandi þetta ákvæði að þá er mikilvægt að skýra vel út hvaða framkvæmdir teljast leyfisskyldar. Miðað við reynslu síðustu ára að þá er ljóst að mjög misjafnt er milli aðila og milli sveitarfélaga hvaða framkvæmdir teljast leyfisskyldar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við önnur fyrirbyggjandi frumvörp.

Virðingarfyllst,  
f.h. sveitarstjórnar,

  
Margrét Gunnarsdóttir sveitarstjóri